



Tilkynning

Kjörfundur í Svalbarðsstrandarhreppi vegna alþingiskosninga 2016 verður laugardaginn 29. október 2016 og hefst kl. 10:00.

Kosið verður í Valsárskóla (gengið inn að sunnan).

Stefnt er að lokum kjörfundar kl. 18:00 en tekið skal fram að ekki má loka kjörstað fyrir kl. 22:00 nema kjörfundur hafi staðið í átta tíma og hálfúmi sé liðinn frá því að kjósandi gaf sig síðast fram.

Kjósendur eru því hvattir til að mæta nægilega snemma til að tryggja að þeir geti greitt atkvæði. Ennfremur eru kjósendur beðnir að hafa skilríki meðferðis.

Nánari upplýsingar um alþingiskosningarnar er að finna á <http://www.kosning.is/>

Kjörstjórn Svalbarðsstrandarhrepps

Markaðsdagur á Svalbarðsströnd

Okkar árlegi markaður verður laugardaginn 19. nóvember 2016 í Valsárskóla. Nú er um að gera að keppast við og framleiða eitthvað fallett og/eða nýtsamlegt á markaðinn. Einnig er kjörið tækifæri til að losa sig við eitt og annað sem ekki nýtist ykkur lengur en er kannski bráðnauðsynlegt fyrir aðra.

Hægt er að panta borð hjá Hönnu 845 4362 og Fjólu 892 0773.

Kvenfélag Svalbarðsstrandar

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Unglingadeild Valsárskóla stefnir á skólaferðalag vorið 2018 og líkt og áður treystum við á stuðning ykkar kæru sveitungar. Eins og undanfarin ár munum við safna dósum og flöskum annað slagið en einnig höfum við til sölu klósettpappír auk þess sem við munum sjá um að dreifa innansveitar jólapósti.

Klósettpappír: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr og 24 rúllur kosta 3.500 kr. Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsd. Smáratúni 1 sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

Basar - kaffihús

Sunnudaginn 23. október heldur foreldrafélag Álfaborgar kökubasar klukkan 11:00. Kökubasarin verður haldinn í leikskólanum Álfaborg og þar verður hægt að setjast niður og fá sér kaffi og vöfflur. Kökurnar munu kosta frá 1.000 kr. til 3.000 kr. og vöfflukaffi kostar 500 kr.

Við hvetjum alla til að koma og stykja starf foreldrafélagsins.

Álfaborg - Leikskóladeild

Af Álfaborgurum er það að fréttu að við erum nú í óða önn að ljúka haustverkunum. Við höfum unnið mikið með haustið og lífríkið í kringum okkur. Önnur kanínun okkar dó á dögnum, það var sveitarstjórinn og nú er presturinn einn í kanínubúrinu okkar. Við eigum þó von á nýjum kanínum fljótlega.

Nú í október og nóvember leggjum við áherslu á söguna og heiminn okkar. Við höfum tekið að okkur 6 ára gamla stúlku frá Pakistan og ætla börnin í leikskólanum og grunnskólanum að safna peningum fyrir skólagöngu hennar, fæði og klæðum næstu ár. Á þann hátt lærum við margt um heiminn í kringum okkur og sýnum umhyggju í verk. En annars er alltaf líf og fjör í Álfaborg og nóg að gera.

Tónlistardeildin

Nú er Skólaárið hafið í tónlistardeildinni og allt komið á fulla ferð. Nú á haustönninni stunda 28 nemendur nám við Tónlistardeild Svalbarðs-
strandar á hin ýmsu hljóðfæri. Kennarar í tónlistardeildinni í vetur eru
Tíu Laur deildarstjóri, Gert-Ott, Kristján Edelstein og Ingvi Rafn
Ingvason.

Í vetur höldum við áfram samvinnu við bæði Álfaborg og Valsárskóla.
Nemendur tónlistardeildarinnar munu halda tónleika í Valsárskóla í
ömmu- og afakaffinu og í Álfaborg verða hádegistónleikar miðvikudaginn
26. október. Allir eru velkomnir á ömmu- og afakaffið og foreldrar og
aðrir velunnarar eru líka velkomnir að kíkja á hádegistónleikana ef þeir
hafa tök á því.

Valsárskóli - Grunnskóladeild

Nú er skólastarfið hafið í Valsárskóla og allt að komast í fast form. Þetta
skólaárið eru 50 nemendur í grunnskóladeildinni frá 6–16 ára.

Í haust var ráðinn inn matreiðslumeistarinn María Bergvinsdóttir og með
Maríu tókum við upp þann sið að sitja öll saman til borðs og syngja eitt lag
í upphafi máltíðar. Við erum öll að venjast þessum siðum og vonandi
verður þetta til að auka söngmenningu í skólanum.

Við höldum áfram með söngstundina á þriðjudögum þar sem allir
nemendur Valsárskóla og Álfaborgar frá 2 ára til 13 ára syngja saman. Tíu
Laur deildarstjóri tónlistardeildarinnar spilar undir á píanó og Bryndís
deildarstjóri í Álfaborg stjórnar söngnum.

Við höfum nýtt haustið í vettvangsferðir. Við fórum á Hvalasafnið,
Amtbókasafnið, í MA og VMA, Menntaskólann að Laugarvatni og í
Brekuskóla að horfa á leikrit. Annars gengur allt mjög vel, ég er því
ánægð með skólann okkar, nemendur eru kurteisir og áhugasamir og
starfsfólkið mjög gott.

Ömmu- og afakaffi

Þann 21. október bjóða nemendur Álfaborgar/Valsárskóla ömmum og öfum í kaffi. 1. og 2. bekkur munu sjá um kaffið í Valsárskóla og þar verða nemendur tónlistarskólans með tónlistaratriði og nemendur stjórna skemmtiatriðum með henni Guðfinnu sinni. Í leikskólanum sýna börnin ömmum og öfum leikskólann og segja frá starfinu.

Ömmu- og afakaffi er í Valsárskóla milli 9:00 og 10:00 en í Álfaborg milli klukkan 10:00 og 11:00.

60+

Smá pistill aftur til að minna á þriðjudagsmorgnana í Safnaðarstofunni kl. 11. Allir eru velkomnir sem áhuga hafa á samveru og morgunspjalli. Gaman þegar eldri og yngri hittast og skiptast á skoðunum og fræðast hver af öðrum. Alltaf heitt á könnunni og tekatlinum. Svo er hægt að mæta kl. 10 og fá sér göngutúr fyrir kaffið.

Morgunhanar

Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Næstu rusladagar

- 20. október - Almennt sorp
 - 27. október - Endurvinnsla
 - 3. nóvember - Almennt sorp
 - 17. nóvember - Almennt sorp
-

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 17. nóvember.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 15. nóvember.